


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	Áfangaheiti (ENS9S36)	
	Námsáætlun (Haustönn 2016)	

Kennari	Jónína Margrét Guðbjarsdóttir (jonina@vma.is)	Sk.st.	JMG
----------------	---	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í þessum áfanga er reynt eftir fremsta megni að mæta hverjum nemanda þar sem hann er staddur í sínu enskunámi. Lögð verður áhersla á að nemendur tileinki sér hagnýtan orðaforða til daglegra samskipta og bæti samskiptafærni sína í bæði töluðu og rituðu máli. Lestextar eru valdir með heildarskilning að markmiði auk léttlestrarefnis og leikrita. Grunnatriði enskrar málfræði eru rifjuð upp og aðeins farið í helstu orðflokka. Mikið er lagt upp úr virkri þátttöku nemenda í kennslustundum.

Markmið:


Markmið áfangans er að hjálpa nemendum að byggja ofan á þá kunnáttu sem þeir hafa við upphaf áfangans og aðstoða þá við að öðlast færni og sjálfstraust í meðferð tungumálsins.

Námsgögn:

Allt námsefni kemur frá kennara. Stuttar smásögur, fjölrítaðar glósur, orðabækur, (tölvuorðabækur), kvikmyndir. Komi til þess að kennsluumhverfið Moodle verði notað verður það kynnt nemendum sérstaklega.

Áætlun um yfirferð:

Vika	Efni
34-36 22.ág.- 9.sept.	Lestur, ritun og málfræði (ákveðinn og óákveðinn greinir) auk hlustunarefnis. Ritunarverkefni 1. Lesskilningsverkefni. Bók valin og hefja lestur hennar.
37-39 12.-30. sept.	Lestur, ritun og málfræði (nafnorð). Próf 1. Hlustunarverkefni.
40-41 3.-14. okt.	Þemaverkefni: Nemendur vinna saman í hópum og velja sér eina af nýlendum Breta. Verkefnalýsing inn á moodle.
42-44 17.okt.-4. nóv.	Lestur, ritun og málfræði (sagnorð) auk hlustunarefnis. Ritunarverkefni 2. Hlustunarverkefni. Lesskilningsverkefni.
45-47 7. -25. nóv.	Lestur, ritun og málfræði (lýsingarorð) auk hlustunarefnis. Próf 2. Munnlegt próf. Ritunarverkefni 3.
48 28.nóv.-2. des.	Upprifjun og lokaskil.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	Áfangaheiti (ENS9S36)	
	Námsáætlun (Haustönn 2016)	

Verkefni:

Ýmiss verkefni verða unnin í tímum og heima. Mikil áhersla er lögð á virkni og vinnusemi nemenda í tímum. Tvö próf verða sem byggja á málfræði og orðaforða. Einnig verða þrjú ritunarverkefni gerð heima og/eða í tímum. Auk þess verða lögð fyrir tvö lesskilningsverkefni og tvö hlustunarverkefni í tímum. Eitt munnlegt próf verður í lok annar. Eitt stórt hópverkefni/þemaverkefni verður á miðri önn og verður það að stærstum hluta unnið í tímum.

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta		Vægi
Kaflapróf	Tvö kaflapróf (5%)		10%
Þemaverkefni	Nýlendur Breta: kynning og skýrsla. Jafningjamat (25%), sjálfsmat (25%) og kennaramat (50%)		35%
Ritun	Þrjú ritunarverkefni: kvikmyndarýni (5%), áhugasvið (5%) og bókakynning og bókarýni (10%)		20%
Munnlegt próf	Munnlegt próf úr efni annarinnar		10%
Lesskilningur	Tvö verkefni (2.5%)		5%
Hlustun	Tvö hlustunarverkefni (5%)		10%
Vinnueinkunn	Virkni, þátttaka og vinna í tímum og dagbók		10%
	Samtals:		100%
Annað:			

Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat með leiðsögn en mikilvægt er að nemendur skili öllum verkefnum. Skilafrestur rennur út á miðnætti á skiladag. Nái nemandi ekki að skila á réttum tíma þá lækkar einkunn um einn heilan fyrir hvern virkan dag sem líður. Sé verkefni ekki skilað jafngildir það 0 í einkunn nema fullgildar ástæður séu fyrir hendi að mati kennara.

Dagsetning:

Jóhanna M Guðhj
Undirritun kennara

24.8.2016

Svanbjörg Þinasson
Undirritun brautarstj, fagsstj eða staðgengils